

Yfirtökutilboð til hluthafa í Samherja hf.

Opinbert tilboðsyfirlit

Fjárfestingafélagið Fylkir ehf. býður hluthöfum Samherja hf. að kaupa hlutabréf þeirra í félaginu á genginu 12,1 krónur fyrir hlut.

Aðdragandi yfirtökutilboðs

Aðilar sem samtals áttu 55,48% hlut í Samherja hf. gerðu þann 30. mars 2005 með sér samkomulag um stjórnun og rekstur Samherja hf. Þessir aðilar voru Fjárfestingafélagið Fjörður ehf., Kristján Vilhelmsson, Þorsteinn Már Baldvinsson, Bliki ehf., Tryggingamiðstöðin hf., F-15 sf. og Finnbogi A. Baldvinsson. Fjárfestingafélagið Fjörður ehf. hafði þá aukið hlut sinn um 7,33% í Samherja hf. og jók hann enn frekar í kjölfarið um 15,44% í Samherja hf. Þessi 22,77% seldi félagið til Fjárfestingafélagsins Fylkis ehf. þann 4. apríl 2005 sem varð jafnframt aðili að fyrrnefndu hluthafasamkomulagi. Síðan þá hefur Fjárfestingafélagið Fylkir ehf. aukið hlut sinn um 10,86% í Samherja hf.

Af 31. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti leiðir að aðilar sem gera með sér samkomulag um stjórnun hlutafélags, sem skráð er á skipulegum verðbréfamarkaði og ráða samanlagt 40% atkvæðisréttar í því, er skylt að gera öðrum hluthöfum yfirtökutilboð. Tilboð þetta er sett fram í samræmi við ákvæði laganna. Framangreindir aðilar sem standa að yfirtökutilboði þessu eru hér nefndir einu nafni yfirtökuaðilar.

Tilboðsgjafi

Tilboðsgjafi er **Fjárfestingafélagið Fylkir ehf.**, kt. 440405-1340, Glerárgötu 24, Akureyri.

Eignarhlutur yfirtökuaðila og fjárhagslega tengdra aðila nemur í dag samanlagt 1.375.586.321 kr. að nafnverði eða 82,87%.

Fjárfestingafélagið Fylkir á 33,63% hlut í Samherja hf. Fjárfestingafélagið Fylkir ehf. er einkahlutafélag í eigu Kristjáns Vilhelmssonar, kt. 130854-3039, sem á 16,05% hlut í Samherja hf., Þorsteins Mús Baldvinssonar, kt. 071052-4359, sem á 15,69% hlut, Blika ehf., kt. 680198-2339, sem á 5,42% hlut, Fjárfestingafélagsins Fjarðar ehf., kt. 551199-3129, sem á 4,64% hlut, Tryggingamiðstöðvarinnar hf., kt. 660269-2079, sem á 4,52% hlut og F-15 sf., kt. 610297-3159, sem á 1,58% hlut. Einnig er Finnbogi A. Baldvinsson, kt. 011161-3169, sem á 0,24% hlut aðili að ofangreindu hluthafasamkomlagi. Að auki eiga fjárhagslega tengdir aðilar 1,09% hlut í Samherja hf.

Umsjónaraðili

Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings banka hf. (KB banka) hefur umsjón með gerð tilboðsins fyrir hönd tilboðsgjafa.

Félag og hlutir sem tilboðið tekur til

Tilboðið tekur til allra hluta í Samherja hf., kt. 610297-3079, Glerárgötu 30, Akureyri, sem ekki eru í eigu Fjárfestingafélagsins Fylkis ehf., eigenda þess og fjárhagslega tengdra aðila.

Allir þeir sem skráðir voru hluthafar í Samherja hf. samkvæmt hlutaskrá félagsins að morgni miðvikudagsins 20. apríl 2005 fá sent tilboðsyfirlit, framsalseyðublað og svarsendingarumslag til samþykkis tilboði. Gögnin má nálgast hjá Fyrirtækjaráðgjöf KB banka, Borgartúni 19 í Reykjavík og hjá Ráðgjöf KB banka að Austurstræti 5 og Ármúla 13 í Reykjavík. Einnig má nálgast tilboðsyfirlitið á vefsíðu bankans, [www.kbbanki.is](#), og í fréttakerfi Kauphallar Íslands hf. á heimasíðu hennar, [www.icex.is](#).

Heildarhlutafé Samherja hf. er 1.660.000.000 kr. að nafnverði og á félagið engin eigin bréf. Hlutabréf Samherja hf. eru skráð á Aðallista Kauphallar Íslands hf. undir auðkenninu SAMH. Þau eru rafrænt skráð hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. ISIN númer þeirra er IS00000000446. Þann 20. apríl 2005 voru hluthafar í Samherja hf. 1499 talsins.

Tilboðsverð

Verð samkvæmt tilboði þessu er 12,1 króna fyrir hvern hlut. Er það hæsta verð sem yfirtökuaðilar hafa greitt fyrir hluti í Samherja hf. á síðustu sex mánuðum áður en tilboðsskylda þeirra stofnaðist. Hluthöfum sem samþykkja tilboð þetta er ráðlagt að leita sér ráðgjafar um skattalegar afleiðingar viðskiptanna.

Samþykki tilboðs og greiðsla

Fyrir hönd Fjárfestingafélagsins Fylkis ehf. mun KB banki halda úti tilboðum skv. yfirtökutilboði þessu í viðskiptakerfi Kauphallar Íslands hf. á meðan yfirtökutilboðið gildir. Uppgjör fer fram með staðgreiðslu næsta virka dag eftir að viðskipti eiga sér stað í samræmi við reglur um viðskipti í Kauphöll Íslands hf. og greiðsla verður innt af hendi samkvæmt fyrirmælum seljanda á framsalseyðublaði.

Hluthafar sem vilja samþykkja tilboð þetta skulu undirrita samþykki sitt á framsalseyðublað sem sent er á lögheimili þeirra ásamt tilboðsyfirliti þessu og senda aftur til Fyrirtækjaráðgjafar KB banka, Borgartúni 19, 105 Reykjavík í svarsendingarumslagi. Til að eiga verðbréfavíðskipti hjá bankanum er nauðsynlegt að eiga vörslureikning hjá KB banka. Hluthafar sem eiga vörslureikning hjá annarri reikningsstofnun geta einnig snúið sér til þess vörsluaðila til að annast sölu á bréfunum í viðskiptakerfi Kauphallar Íslands hf. Seljendur greiða þóknun af viðskiptunum í samræmi við gjaldskrá viðkomandi reikningsstofnunar, þar með talið hjá KB banka.

Gildistími tilboðs

Tilboð þetta gildir frá kl. 9.00 þriðjudaginn 26. apríl 2005 til kl. 16.00 þriðjudaginn 5. júlí 2005.

Verður samþykki að hafa borist umsjónaraðila fyrir lok gildistímans.

Framtíðaráætlanir

Gert er ráð fyrir að meginstarfsemi Samherji hf. verði eftir sem áður útgerð og landvinnsla. Ekki er fyrirhugað að gera breytingar á tilgangi félagsins og ekki eru á þessu stigi áform um að draga úr kjarnastarfsemi félagsins eða nýta fjármunalegar eignir í öðrum tilgangi. Yfirtökuaðilar hyggjast óska eftir að stjórnarmönnum Samherja hf. verði fækkað. Aðrar breytingar eru ekki fyrirhugaðar á samþykktum félagsins á meðan hlutabréf þess eru skráð í Kauphöll Íslands hf.

Yfirtökuaðilar munu fara þess á leit við stjórn Samherja hf. að hún óski eftir því að hlutabréf félagsins verði afskráð úr Kauphöll Íslands hf. eftir að yfirtökutilboðið rennur út.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um það hvort hlutir í eigu Fjárfestingafélagsins Fylkis ehf. og eigenda þess verði færðir á eina hendi, en ef einn aðili eignast 90% hlut í Samherja hf. skapast gagnkvæmur innlausnarréttur sbr. 24. og 26. gr. laga um hlutafélög.

Nánari upplýsingar veita verðbréfaráðgjafar KB banka í síma 444-7000.

Reykjavík 20. apríl 2005

Fyrirtækjaráðgjöf KB banka

FRAMSAL Á EIGNARÉTTI AÐ HLUTAFÉ

Undirritaður seljandi selur hér með og framselur hlutafé sitt til neðangreinds kaupanda:

Heiti rafréfa	Nafnverð	Gengi	Söluverð
<u>Samherji hf.</u>		<u>12,1</u>	

Seljandi:

<u>Nafn</u>	<u>Kennitala</u>		
<u>Heimili</u>	<u>Póstnúmer og staður</u>		
<u>Bankanúmer</u>	<u>Höfuðbók</u>	<u>Reikningsnúmer</u>	<u>Kennitala reikningseiganda</u>

Banki/verðbréfafyrirtæki (reikningsstofnun) þar sem rafréf (hlutafé) eru í vörslu

Kaupandi:

<u>Fjárfestingafélagið Fylkir ehf.</u>	<u>440405-1340</u>
<u>Nafn</u>	<u>Kennitala</u>
<u>Glerárgötu 24</u>	<u>600 Akureyri</u>
<u>Heimili</u>	<u>Póstnúmer og staður</u>

Hlutir í félaginu eru gefnir út með rafrænum hætti hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. Réttindi að rafréfum er nauðsynlegt að skrá í verðbréfamiðstöð til að þau njóti réttarverndar.

Kaupandi getur á grundvelli þessarar yfirlýsingar tilkynnt eigendaskipti bréfanna til verðbréfaskráningar og hlutahafaskrár Samherja hf. Seljandi hefur með áritun sinni á yfirlýsingu þessa framselt öll réttindi sín til hlutafjárins.

<u>Staður og dagsetning</u>	<u>Vottar að réttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði.</u>
<u>Undirritun seljanda</u>	<u>Nafn</u> <u>Kennitala</u>
	<u>Nafn</u> <u>Kennitala</u>